

Fljótshálsa
Ómar Þróstur Björgólfsson
Lyngási 12
700 Egilsstaðir



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 17. september 2014
Tilvísun: UST20140900005/ksj

Lýsing. Tillaga að breytingu á aðalskipulagi Fljótshálsa 2008 - 2028. Tillaga að deiliskipulagi Hvammur 2, Fljótshálsa


Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Fljótshálsa er barst 1. september sl. þar sem óskað er umsagnar um lýsingu tillögu að breytingu á aðalskipulagi Fljótshálsa 2008 - 2028 og lýsingu tillögu að deiliskipulagi Hvamms 2, Fljótshálsa.


Tillaga að breyttu aðalskipulagi felur í sér að gistaðstaða er áætluð að Hvammi 2, þar er áætlun um að reisa 12 smáhýsi. Hvammur 2 er lögbyli suður af Egilsstöðum. Svæðið þar sem smáhýsi eru áætluð er á lyngmóa 0,7 ha að stærð. Fram kemur í lýsingu að ekki sé vitað um náttúruminjar sem kunni að þarfnast verndar. Þar sem Grímsá er í nágrenni bæjarhúsanna bendir Umhverfisstofnun á að í gr. 5.3.2.14. skipulagsreglugerðar nr. 90/2013. Skipulag við vötn, ár og sjó. kemur eftirfarandi fram: "*Við afmörkun lóða á svæðum utan þéttbýlis skal þess gætt að rými sé fyrir aðkomu að og meðfram vötnum, ám og sjó. Utan þéttbýlis skal ekki reisa mannvirki nær vötnum, ám eða sjó en 50 m.*" Sbr. 23. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd er óheimilt að hindra ferðir gangandi manna við vatns-, ár- eða sjávarbakka. Umhverfisstofnunar bendir á að ekki skal gera ráð fyrir nýjum mannvirkjum á ofangreindu svæði nær Grímsá en 50 metrar.

Fráveita

Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að í væntanlegu deiliskipulagi komi skýrt fram áætlanir um fráveitu.

Virðingarfyllst


Kristín S Jónsdóttir
Sérfræðingur


Aðalbjörg B Guttormsdóttir
Teymisstjóri